

## Samþykki yfirtökutilboðs í hluti Skeljungs hf.

Nafn hluthafa

Kennitala

Símanúmer

Netfang

Á grundvelli lagaskyldu sinnar hefur Strengur hf. gert hluthöfum í Skeljungi hf. yfirtökutilboð (hér eftir nefnt „yfirtökutilboðið“) í samræmi við opinbert tilboðsyfirlit, dags. 6. desember 2020 (hér eftir nefnt „tilboðsyfirlitið“). Ofangreindur aðili (hér eftir vísað til sem „hluthafinn“) kys að ganga að yfirtökutilboðinu í hluti í Skeljungi hf., kt. 590269-1749, Borgartúni 26, 105 Reykjavík (hér eftir vísað til sem „Skeljungur“).

**FJÖLDI HLUTA OG VERÐ**

Hluthafinn kys að ganga að yfirtökutilboðinu þannig að það nái til eftirfarandi fjölda hluta hans (hér eftir vísað til sem „hlutirnir“):

Allir hlutir í eigu hluthafa,

Tiltekinn fjöldi hluta í eigu hluthafa, samtals fjöldi: \_\_\_\_\_

**Verð samkvæmt yfirtökutilboðinu er 8,315 krónur fyrir hvern hlut í Skeljungi, kvaða- og veðbandalausán.**

Með undirritun sinni á samþykkiseyðublað þetta framselur hluthafinn alla hluti sína í Skeljungi hf., sem að framan greinir, til Strengs hf., kt. 411020-1500, (hér eftir einnig nefndur „framsalshafi“ eða „tilboðsgjafi“), á verðinu 8,315 krónur fyrir hvern hlut sem greitt verður fyrir í íslenskum krónum með reiðufé í samræmi við ákvæði opinbers tilboðsyfirlits. Greiðsla kaupverðs er háð því að þær upplýsingar, sem farið er fram á í samþykkiseyðublaði þessu, séu fullnægjandi að mati framsalshafa.

Hluthafinn staðfestir að hann hafi mótttekið öll nauðsynleg skjöl, þ.m.t. tilboðsyfirlitið og samþykkir skilmála þess. Þar að auki lýsir hluthafinn því yfir að hann sé löglegur eigandi hlutanna, hlutirnir séu veðbanda- og kvaðalausir og heimilar tilboðsgjafa og umsjónaraðilum hans (Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka og Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka) að kanna hvort eigendaskipti geti farið fram í samræmi við ákvæði laga nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerna.

**GREIÐSLA OG AFHENDING**

Vörslureikningur hluthafans þar sem hlutir hans í Skeljungi eru varslaðir:

**VS-reikningur****Reikningsstofnun/fjármálafyrirtæki**

Greiðsla fyrir hlutina verður greidd eigi síðar en fimm (5) viðskiptadögum eftir að gildistími yfirtökutilboðs tilboðsgjafa er liðinn, eins og nánar er greint í tilboðsyfirlitinu. Reikningsstofnun hluthafa kann að vera heimilt að halda eftir þóknun vegna afhendingar og framsals hlut af vörslureikningi hluthafans. Greiðsla fyrir hlutina verður lögð inn á þann bankareikning sem tengdur er vörslureikningi bréfanna. Greiðsla er háð því að samþykkiseyðublað hafi verið rétt fyllt út eða metið gilt af tilboðsgjafa, hluthafi eigi tilgreindan vörslureikning hjá reikningsstofnun/fjármálafyrirtæki og hlutir séu kvaða- og veðbandalausir samkvæmt skráningu hjá verðbréfamiðstöð Nasdaq CSD. Tilboðsgjafi og umsjónaraðilar hans áskilja sér rétt til að fá staðfestingu á hvort kvaðir eða veðbönd séu á hlutum áður en greiðsla fer fram. Séu hlutir ekki kvaða- og veðbandalausir, áskilur tilboðsgjafi sér rétt til að líta svo á að fullnægjandi samþykki liggja ekki fyrir.

Um yfirtökutilboðið og samþykki þetta gilda íslensk lög. Rísi ágreiningur um yfirtökutilboðið eða samþykki þetta skal skorið úr þeim ágreiningi fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

**SAMÞYKKI**

Hluthafi sem vill samþykkja yfirtökutilboðið skal:

- annað hvort skila frumriti af rétt útfylltu samþykkiseyðublaði þessu á skrifstofu Íslandsbanka (9. hæð), Hagasmára 3, 201 Kópavogi, merkt „Yfirtökutilboð í Skeljung“ eða hins vegar samþykkja tilboðið rafrænt á vef yfirtökutilboðsins á vefslóðinni [www.arionbanki.is/yfirtokutilbod-skeljungur](http://www.arionbanki.is/yfirtokutilbod-skeljungur) með því að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum og;
- greiða þóknun í samræmi við gjaldskrá viðkomandi reikningsstofnunar vegna afhendingar og framsals hluta af vörslureikningi hluthafans.

Sé samþykki ekki rafrænt fyrir kl. 16:00 þann 4. janúar 2021, þá verður réttilega útfyllt frumrit samþykkiseyðublaðs tilboðsins að hafa borist Íslandsbanka innan fyrrnefndra tímamarka. Hluthafi er ábyrgur fyrir því að koma frumriti samþykkiseyðublaðsins til Íslandsbanka (9. hæð) að Hagasmára 3, 201 Kópavogi.

Þar sem hlutir í Skeljungi eru rafrænt skráðir hjá verðbréfamiðstöð Nasdaq CSD er nauðsynlegt fyrir þá hluthafa sem samþykkja tilboðið að eiga vörslureikning hjá reikningsstofnun eða fjármálastofnun sem hefur gert samning um aðild að verðbréfamiðstöð Nasdaq CSD. Eigi hluthafinn ekki vörslureikning, felur samþykki þetta í sér heimild til Íslandsbanka og Arion banka að hafa

samband við hluthafann vegna stofnunar vörslureiknings svo unnt verði að framselja og flytja hlutina og viðhafa aðrar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru vegna framsalsins. Í samþykki hluthafa felst jafnframt heimild til Íslandsbanka og Arion banka, eigi hluthafi vörslureikning hjá annarri reikningsstofnun, að senda samþykkiseyðublaðið eða staðfestingu á rafrænu samþykki til viðeigandi reikningsstofnunar til að láta framkvæma viðskiptin.

Í samþykki hluthafa felst jafnframt heimild til Arion banka hf. að annast milligöngu viðskiptanna með hluti í Skeljungu hf. sem eru rafrænt skráðir hjá Nasdaq CSD á Íslandi, þ.m.t. óska eftir millifærslu hlutanna af vörslusafni hluthafa hjá reikningsstofnun á tímabundið vörslusafn á kennitölu Arion banka hf., þaðan sem hlutirnir verða fluttir á vörslusafn Strengs hf. hjá Arion banka hf.

Eftir að framsalseyðublaði þessu hefur verið skilað til umsjónaraðila ellegar tilboðið samþykkt rafrænt sbr. framangreint, er hluthafa óheimilt að ráðstafa hlutum sínum í Skeljungu hf. með beinum eða óbeinum hætti til þriðja aðila. Sérhvert samþykki framsalsins er skuldbindandi og óafturkallanlegt. Hluthafar sem hafa samþykkt tilboðið munu áfram verða bundnir af samþykki sínu ef gildistími tilboðsins er framlengdur.

Gildistími yfirtökutilboðsins er fjórar (4) vikur, frá kl. 09:00 þann 6. desember 2020 til kl 16:00 þann 4. janúar 2021. Tilboðsgjafinn áskilur sér einhliða rétt til að ákveða hvort samþykkiseyðublöð sem berast eftir gildistíma tilboðsins verði tekin gild. Framlengja má yfirtökutilboðið í samræmi við heimildir í ákvæðum laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti („vvl.“).

Tilkynning um niðurstöður tilboðsins verður birt í gegnum fréttakerfi Nasdaq Iceland og á heimasíðu Skeljungs, [www.skeljungur.is](http://www.skeljungur.is), innan þriggja (3) viðskiptadaga frá lokum gildistíma tilboðsins, eða í seinasta lagi þann 6. janúar 2021, sbr. 1. mgr. 109. gr. vvl.

Vilji hluthafinn samþykkja yfirtökutilboðið skal hann rita nafn sitt hér að neðan því til staðfestingar í votta viðurvist. Ef hluthafi er félag eða lögaðili skal sá einstaklingur sem til þess hefur heimild undirrita framsalseyðublað þetta. Sá sem undirritar fyrir hönd félags eða annars lögaðila, ábyrgist og staðfestir með undirritun sinni að hann hafi fullt umboð til að koma fram fyrir hönd viðkomandi lögaðila og að hann hafi heimild, í samræmi við lög og reglur, til að skuldbinda félagið eða viðkomandi lögaðila til að takast á hendur þau réttindi og þær skyldur sem framsalseyðublað þetta kveður á um.

---

*Staður og dagsetning*

---

*Undirskrift*

Vottar að rétttri dagsetningu, undirritun og fjárræði

---

Nafn og kennitala

---

Nafn og kennitala